

## Frímann B. Arngrímsson – vanmetinn brautryðjandi

(Grein þessi birtist upphaflega í Fréttabréfi Eðlisfræðifélags Íslands 1985, síðar í Heima er bezt 1986. Hér eru gerðar talsverðar lagfæringar á textanum, og bætt við myndefni).

Frímann Bjarnason Arngrímsson átti eflaust eitt sérstæðasta lífshlaup af sínum samtíðarmönnum, og hefur margt verið um það ritað. Hann fæddist í Hörgárdal 1855, sonur Bjarna Arngrímssonar (prests að Bægisá), og fluttist til Vesturheims 1874 með fyrsta stóra hópnum af Norðurlandi 1874. Hann aflaði sér háskólamenntunar fyrstur Vestur-Íslendinga, og vann að kennslu og margskonar framfaramálum í Kanada. Meðal annars stofnaði hann blaðið Heimskringlu í Winnipeg 1886, og var hvatamaður bæði að stofnun íslensks menntaskóla og að stuðningi við Ísland sem á dundu ýmis áföll á þessum árum.

Fljótlega lenti Frímann í deilum við suma aðra forystumenn Vestur-Íslendinga, gekk úr útgáfu Heimskringlu, og fór frá Winnipeg um jól 1888. Mun hann hafa haft hug á framhaldsnámi við háskóla í Bandaríkjunum og hafnaði í Massachusetts, eftir nokkur ferðalög. Þar vann hann í fyrstu við kennslu, m.a. í málaskóla, en síðar á rannsóknastofum M.I.T. og a.m.k. tvö ár í raftækjaverksmiðjum. Þarna fékk hann mikinn áhuga á að koma til leiðar rafvæðingu Íslands með “hvítu kolunum” sem hann kallaði svo, þ.e. vatnsafli. Kom Frímann hingað tvær ferðir þeirra erinda, 1894-95, en talaði fyrir daufum eyrum flestra. Aldarfjórðungs bið varð á því að virkjun vatnsfalla hæfist að ráði á Íslandi. Vildi Frímann kenna lítinn árangur sinn því að hann stóð einn, fátækur og ættlítill, gegn íhaldssemi landa sinna og hagsmunum kolakaupmanna, en einnig er greinilegt af heimildum að áætlanir hans þóttu jafnvel bjartsýnustu mönnum óraunsæjar. Blandaðist áróður Frímanns og að ósekju inn í hatramma misklið hér heima um vesturferðirnar og málefni tengd þeim (“Stóra málið” o.fl.) en deilugirni og skapbrestir Frímanns sjálfs, sem farið var að bera á strax á Heimskringluárunum, bættu ekki úr skák. Í meginatriðum hefur Frímann þó eflaust haft rétt fyrir sér, bæði í rafmagnsmálinu og í málefnum fjarskipta við Ísland sem hann ritaði talsvert um (sjá mynd aftar).



*T.v.: Fylkir, tímaritið sem Frímann Arngrímsson hélt úti einn síns liðs 1916-27. T.h.: Mynd af Frímanni úr “Minningar frá London og París”, tekin 1926.*

Eftir störf á rannsóknastofum í Bretlandi í hálftriðja ár fluttist Frímanna slyppur og snauður til Parísar snemmsumars 1897. Þar vann hann síðan fyrir sér með ritstörfum, kennslu, fornbókasölu og byggingavinnu, og naut við það góðrar málakunnáttu sinnar. Í frístundum grúskaði hann í heimspeki, bókmenntum og trúarbrögðum, og skrifaði bréf til ýmissa Íslendinga sem hann þekkti eða taldi geta stutt sig. Mörg voru lítið annað en skammir um þá sem ekki tóku undir tillögur hans 1894-95, en einnig bendir hann þar á ýmis framfaramál fyrir Ísland og býður fram krafta sína til að vinna að þeim.



FR. B. ARNGRÍMSSON.

## CORRESPONDANCE

### Le câble islandais.

L'Islande elle-même a son affaire ;  
Cette île « triste et froide » (comme le dit un auteur juif) a aussi ses apôtres du capitalisme moderne et ses exploiters financiers.

Il s'agit d'un câble entre l'Islande et les îles Shetland, sur une distance de 400 milles (650 kilomètres). Une Compagnie étrangère, la grande Compagnie télégraphique du Nord, dont le siège est à Copenhague, a offert de poser ce câble, pourvu que les Islandais lui donnent un subside de 40 000 kr. par an, pendant vingt ans (cette demande est maintenant réduite à

*T.v.: Á Parísarárum Frímanna átti leið þangað ritstjóri sænsks tímarits, *Varia*. Hann birti (í janúarhefti 11. árgangs, 1908) greinarkorn Frímanna um túlkun á Eddukvæðum og ýmsu öðru úr trúarbrögðum, ásamt eigin inngangi undir heitinu “Världens yngsta bibel”. Þar er þessi mynd af Frímanni og hann kallaður “en ny religiös förkunnare”.  
T.h.: Frímanna var mikill andstæðingur ritsímalagningar til Íslands og taldi mun hagstæðara fyrir landsmenn að treysta loftskýtasambandi. Hér er byrjun greinar hans í *Le Cosmos*, 41 (no. 766), bls. 419, 1899.*

Til Íslands kom Frímanna í upphafi ófriðarins 1914 og settist að á Akureyri, orðinn heilsulítill. Lifði hann þar af einkakennslu og fékk styrki frá Alþingi til rannsókna á jarðefnum, en hélt áfram að berjast fyrir rafvæðingu og öðrum áhugamálum sínum. Gaf hann út í því augnamiði tímaritið Fylki, en ritaði einnig sitthvað á öðrum vettvangi.

Frímanna lést á Akureyri 1936, vonsvikinn einstæðingur, og handrit hans þar glötuðust síðar flestöll í bruna (skv. munnlegum upplýsingum frá Lárusi Zóphoníassyni amtsbókaverði, 1985). Frumkvæði hans hlýtur þó að hafa orðið öðrum hvatning til dáða á sviði rafvæðingar og annarra framfara. Getur enginn sem les rit hans, efast um einlægni hans, heiðarleika, ósérhlífni og jákvæðan áhuga á velferð samlanda sinna.

Hér verður sagt nánar frá þremur atriðum í ævi Frímanna B. Arngrímssonar, sem ekki hefur verið nægilega verið haldið á lofti, en sem skipta nokkru máli í sögu íslenskra raunvísinda og tækni.

Háskólapróf Frímanna

Skrifstofa Háskólans í Manitoba hefur sent mér ljósrít úr árbókum skólans, m.a. af “Class and Prize Lists” 1883-85 þar sem nafn Frímans kemur fyrir. Fjögurra ára nám til B.A.-prófs var í boði í náttúruvísindum, í heimspeki, í sígildum bókmenntum og í stærðfræði. Fyrstu árunum af slíku námi mun Frímán hafa lokið í Ontario, og er m.a. varðveitt “Application for (senior) matriculation” frá honum til Toronto-háskóla dags. 13. apríl 1883. Hinn 6. júní 1885 útskrifaðist hann svo frá Manitoba-háskóla með B.A. gráðu (Class I Honor, Natural Science) og fékk 80 dala styrk vegna góðrar frammistöðu.

FOR THE YEAR 1885.		19
GRADUATES OF THE UNIVERSITY OF MANITOBA FROM MANITOBA COLLEGE.		
M. A.		
1885—A. M. Campbell, B. A.		
R. G. McBeth, B. A.		
R. K. Sutherland, B. A.		
B. A.		
1880—W. R. Gunn.	1884—J. H. Mulvey.	
1881—G. F. Munroe.	D. H. McVicar.	
J. B. Polworth.	D. S. McPherson.	
1882—A. M. Campbell.	1885—J. T. Huggard.	
R. G. McBeth.	A. N. McPherson.	
R. R. Sutherland.	F. B. Anderson.	
N. McCallum.	H. A. Stewart.	
1883—W. McK. Omand.	A. W. Thomson.	
F. A. Brown.	A. McLean.	
A. Maclaren.		
D. Anderson.		
J. B. D. Code (deceased)		

*The North West Review*  
*The Popular Science Monthly*  
*The Christian Register*  
*The Pacific Chambers Journal*  
*The Iowa Magazine*  
*The Quarterly Review*

*T.v.: Úr Árbók Manitoba-háskóla. Ath.: Frímán kallaði sig jafnan Freeman B. Anderson erlendis. T.h.: Rithönd Frímans, í upptalningu á tímaritum sem hann kvaðst hafa skrifað í (sjá hér að neðan).*

Námsgreinar voru eðlisfræði, stjarnfræði, veðurfræði, fjögur efnafræðinámskeið, steina- og kristallafræði, jarðfræði, steingervingafræði, landafræði, grasafræði, dýrafræði, og lífeðlis- og vefjafræði. Þessar upplýsingar sýna meðal annars, að Frímán hefur verið einn af fyrstu Íslendingunum sem lögðu stund á eðlisfræði sem sérstaka námsgrein á háskólastigi. Framar á öldum blandaðist eðlisfræði saman við stjarnfræði og önnur náttúruvísindi, og lærðu þau fræði nokkrir íslenskir námsmenn í Kaupmannahöfn á 17. og 18. öld, sjá kafla eftir Einar Guðmundsson o.fl. í safnritinu “Brynjólfur biskup” (Háskólaútgáfan, Rvk. 2006, bls. 247-291).

### Greinar í erlend rit

Ritstörf Frímans Arngrímssonar voru með ólíkindum mikil og dreifð, en ekki liggur fyrir neinn listi yfir þau, hvað þá að afrit margra þeirra séu til á Íslandi. Sumar greinar hans birtust enda nafnlausar. Er hér allstór akur, sem áhugasamur bókasafnsmaður eða sagnfræðingur mætti taka að sér að plægja. Frímán nefnir sjálfur í Míningum sínum eða í Fylki m.a. greinar í *Medical Reformer* og *The Torch* í London, *Chambers’s Journal* í Edinborg, *Le Cosmos*, *American Register* og *Daily Mail* í París, og *Boston Transcript* og *Pioneren* (líklega: *Den Danske Pioner*, útg. í Omaha) vestanhafs. Í bréfi til Hannesar Þorsteinssonar ritstjóra sem varðveitt er í Landsbókasafni (Lbs. 4702 4°) telur hann að auki ritgerðir í *Winnipeg Free Press*, *Ottawa Citizen*, *Boston Commonwealth*, *Boston Nationalist*, *Twentieth Century* og *Popular Science Monthly* í New York, *The Christian*

Reporter, Paris Magazine, Quartier Latin o.fl. Frímánn nefnir hinsvegar hvergi um þýðingu sína á handriti bókarinnar “The Birds of Greenland” eftir A. Hagerup, sem kom út hjá þekktu forlagi í Boston 1891.

Greinar Frímánnans munu hafa fjallað um trúarbrögð, stjórnmál, samgöngur við Ísland, raforkumál og margt fleira. Hann var ætíð mjög áhugasamur um eðlisfræði, og átti að eigin sögn um tíma skráð einkaleyfi í Bretlandi á aðferð til að vinna orku úr straumum jarðsegulsviðsins. Fékk hann leyfi til að kynna hana í Parísarháskóla, fyrir m.a. A. Cornu og G. Lippmann (síðar Nóbelsverðlaunahafa, sem Nikulás Runólfsson eðlisfræðingur í Kaupmannahöfn hafði unnið hjá nokkrum árum fyrr). Er vel hugsanlegt að meðal ritsmíða Frímánnans Arngrímssonar vestanhafs hafi verið einhverjar fyrstu frumsömdu greinar um tæknilega eðlisfræði eftir íslenskan mann.

## Rafveituvandræðin á Akureyri.

Bæði Akureyri og Reykjavík eru í vanda með sínar nýbygðu rafmagnsstöðvar. Í báðum bæum hafa orkuverin reynst of kraftlítil til að fullnægja þörfum bæarbúar til ljóss og iðnaðar, hvað þá til matsuðu eða meira, og í báðum bæum selst rafmagnnið nú talsvert dýrar en menn bjuggust við, þegar stöðvarnar voru bygðar, fyrir tveim til þrem árum síðan.

Orsakirnar eru, því sem næst, hinar sömu. Stofnkostnaðurinn tvöfalt hærri, en hann þurfti að vera og fimmfalt hærri en hann má vera, til þess að rafmagnnið geti keppt við kol til hitunar og matsuðu, seld með sama verði og fyrir heimsófriðinn, n. á nálægt 2000 kr. hver h.orka í stað 400 kr. En tregðu sína og seinlæti, í að koma rafstöðvunum upp, mega báðir bæir þakka vantrú sinni á því, að vatnsorku-rafmagn geti keppt við kol til herbergjahitunar og eins hagsmunasýki kolasala og steinolíusala, jafnt sem lélegum verkfræðingum og vélráðum gróðafélaga og fossabrállara utan lands og innan.

*Úr “Mesta framfaramálið” (1925, 32 bls.), einum þeirra bæklinga sem Frímánn gaf út.*

### Tillögur um verkvísindastofnun

Í sögu Verkfræðingafélags Íslands, sem út kom 1962, er fyrst getið hugmynda um fyrrihlutanám í verkfræði á Íslandi 1931. Í formála að 3. útgáfu Verkfræðingatals 1981 er sagt að málið hafi verið rætt af íslenskum verkfræðingum “þegar” á árunum 1920-21.

Verkfræðingarnir eiga þó engan veginn allan heiður af frumkvæði á þessu sviði. Hinn 20. ágúst 1917 birtist nefnilega alllög grein í Vísi, “Verkvísindastofnun á Íslandi”, eftir Frímánn B. Arngrímsson. Er þar rökstudd nauðsyn á að stofna sem fyrst verkvísindaskóla, í tengslum við H.Í. eða honum óháðan. Gerð er áætlun um kostnað og nemendafjölda við slíkan “tekniskan skóla”, og notað tækifærið til að hnýta í stjórnmálamenn. Kennslugreinar vildi Frímánn hafa þessar: 1. Stjórnufræði, veðurfræði, athuganir jarðskjálfta og jarðelda og jarðsegulstrauma. 2. Sjómannafraði og siglingar á sæ, einnig í loftförum. 3. Landbúnaður og skógrækt. 4. Námugröftur og steinvinna. 5. Byggingarlist. 6. Verkvélafræði og vélasmíði. 7. Rannsóknir og uppfinningar. 8. Fagrar listir. 9. Landvörn. Sömu leiðis vildi hann (sjá Fylki 1(3), bls. 33) koma upp sjóði til að styrkja unga menn til verkvísindanáms.

Vel fer á að ljúka þessum stuttu skrifum með tilvitnun í Frímann sjálfan, sem lýsir bæði bjartsýni hans framan af árum og orðsnilld. Það er erindi úr kvæðinu Vínland, sem birtist í 1. tbl. Heimskringlu 9. sept. 1886:

Jörð af móki myrku vakin  
magni ítra þjóða lýtur.  
Byggjast fríðum, frjálsum þjóðum,  
fögur grund og bjartir lundir.

Heimildir um Frímann B. Arngrímsson er m.a. að finna í eftirtöldum ritum:

Heimskringla, Winnipeg, einkum 1886-8.

Fylkir 1.-10. árg., t.d. ævisögubrot í 5. árg., bls. 143-9 og í 8. árg., bls. 31-56.

Minningar frá London og París, eftir F.B.A., útg. Geir Jónasson. Edda, Akureyri 1938.

Saga Íslendinga í Vesturheimi I, eftir Þorstein Þ. Þorsteinsson, útg. Þjóðræknisfélag 1940 (sjá einnig Vestmenn eftir Þ.Þ.Þ.)

Íslenzkar æviskrár II, eftir Pál E. Ólason, Bókmenntafélagið 1949. Þar í er skrá um bæklinga Frímanns um rafmagnsmál o.fl.

Úr bæ í borg, eftir Knud Zimsen, Helgafell 1952.

Íslendingabók, eftir Gunnar Hall, Leiftur 1958.

Minningarbók um Frímann B. Arngrímsson. Fylgirit með Ársskýrslu Sambands ísl. rafveitna 1960, ritstj. Eðvarð Árnason, 1961 (sjá og grein í TVFÍ 44, bls. 11, 1959).

Tíminn, Sunnudagsblað nr. 42, 25. okt. 1964.

Vaskir menn, eftir Þorstein Thorarensen, Fjölvi 1971 (m.a. um Frímann B. Arngrímsson úr dagbókum Boga Th. Melsteð).

Þeir settu svip á öldina. Íslenskir athafnamenn II, ritstj. Gils Guðmundsson. Iðunn 1988.

Bréf

Fjölmörg bréf og póstkort frá Frímanni dagsett a.m.k. á árabílinu 1885-1929 eru varðveitt. Þar má til dæmis nefna bréf til Hannesar Þorsteinssonar og Jóns á Gautlöndum sem eru í Landsbókasafni, og bréf til Boga Th. Melsteð, Finns Jónssonar og Þorvaldar Thoroddsen eru í Konungsbókhöfðu í Kaupmannahöfn. Bréf til ýmissa annarra, s.s. Stephans G. Stephanssonar og Kristjáns konungs IX, fyrirfinnast einnig.

Leó Kristjánsson, des. '06

